

## Íþróttafélag Uppsveita - styrkur

Sæll,

Ég hef hér samband fyrir hönd nýstofnaðs Íþróttafélags Uppsveita sem hefur það að markmiði að auka möguleika iðkenda í uppsveitum til æfinga og að keppa í sinni íþrótt.

Búið er að stofna nefnd milli sveitarfélaga og íþróttafélaga í Uppsveitum sem er að setja upp ákveðið form á þetta samstarf milli ungmennafélaganna en þó höfum við knattspyrnuíðkendur í Uppsveitum tekið forskot á sæluna og stofnað félagið og fengið það samþykkt af ÍSí.

Okkar starf er því komið af stað og erum við nú að biðja sveitarfélög og félagasamtök á svæðinu um að styrkja okkar brautryðjendastarf og hjálpa okkur að koma upp sterku yngri flokka starfi og meistaraflokk í Knattspyrnu. Aðrar íþróttir munu bætast við starfið þegar líður á verkefnið en aðeins fótboltinn er raunverulega kominn af stað.

Þess má geta að ungir iðkendur í Hvöt, u.m.f. Bisk, Hrunamönnum og Laugdælum hafa verið að fara á mót undir sameiginlegu formerki ÍBU upp á síðkastið og hefur það gengið mjög vel. Við stefnum á að ungir iðkendur í skeiða- og Gnúpverjahrepp bætist í hópinn á næstunni og verður starfið í sumar sterkt!

við vonumst eftir jákvæðum viðbrögðum.

Bestu kveðjur,

Sólmundur Magnús Sigurðarson, Formaður ÍBU.

Sími: 771-5591

